

Bæjararáð Mosfellsbæjar
Þverholti 2
Mosfellsbæ

Mosfellsbæ 19.08.24

Erindi: Ósk um að fordæma árásir og að kalla eftir vopnahléi á Gaza

Í ljósi þeirrar stöðu að Mosfellsbær hefur tekið á móti nokkrum flóttafjölskyldum frá Gaza og gert það vel þá óska ég undirrituð eftir því að Mosfellsbær fari að dæmi Akureyrarbæjar og fordæmi árásir á Gaza og kalli eftir vopnahléi. Samanber frétt á Akureyri.net <https://www.akureyri.net/is/frettir/fordaema-arasir-og-kalla-eftir-vopnahlei>

Á meðan verið er að fremja morð á heilli þjóð, eins og verið hefur gert á Gaza sl. 10 mánuði er ósköp lítið sem venjulegt fólk eða bæjarráðsfólk á Íslandi getur gert. En hafandi leiðst út í það að hjálpa þeim fjölskyldum sem þó hefur tekist að bjarga lífandi og með frábærum móttökum Mosfellsbæjar við þetta stríðshrjáða fólk þá veltir maður sem manneskja því þó fyrir sér hvað hægt er að gera til að standa með þeim og sýna þeim stuðning, reyna að leggja sitt lóð á vogarskálarnar.

Að fordæma árásir Ísraelshers á saklausa borgara á Gaza og kalla eftir vopnahléi er eitthvað sem þjóðir og bæjarafélög hafa gert og geta gert. Vonandi getum við öll verið sammála um það sem manneskjur að það er ólíðandi að verið sé að myrða tugi barna nánast hvern einasta dag, þar á meðal ættingja þeirra fjölskyldna sem við í Mosfellsbæ höfum tekið að okkur.

Getum við sýnt þeim þann stuðning í verki að Mosfellsbær fordæmi árásir á saklausa borgara á Gaza og kalli eftir vopnahléi?

Bestu kveðjur
Hanna Sím. Sjálfboðaliði/fósturmóðir og Mosfellingur
s. 6952642